

Minnisblað

Viðtakandi: Undirbúningsstjórn um sameiningu Fljótsdalshéraðs, Borgarfjarðar eystri, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Djúpavogshrepps.

Sendandi: Starfshópur um fræðslumál og félagsþjónustu.

Efni: Kortlagning samþykktar og gjaldskráa á sviði fræðslumála og félagsþjónustu og tillaga að sérfræðiþjónustu á sviði fræðslumála og félagsþjónustu í nýju sveitarfélagi.

Starfshópur um fræðslumál og félagsþjónustu

Almennt

Eftirtaldir skipuðu starfshópinn:

Borgarfjarðarhreppur: Helga Erla Erlendsdóttir, formaður Skólanefndar grunnskóla

Djúpavogshreppur: Kristján Ingimarsson formaður Fræðslu-, tómstunda- og jafnréttisnefndar

Seyðisfjarðarkaupstaður: Ragnhildur Billa Árnadóttir, formaður Fræðslunefndar og Arna Magnúsdóttir, formaður Velferðarnefndar

Fljótsdalshérað: Helga Guðmundsdóttir, fræðslustjóri og Júlía Sæmundsdóttir, félagsmálastjóri

Starfshópurinn fundaði sjö sinnum, 23. janúar, 30. janúar, 6. febrúar, 13. febrúar, 20. febrúar, 27. febrúar og 4. mars. Notast var við Teams sem fjarfundabúnað og reyndist það vel.

Á fundi þann 30. janúar voru skólastjórar leik- og grunnskóla boðaðir á fund hópsins og þann 6. febrúar mætti Sigurbjörn Marínósson forstöðumaður Skólaskrifstofu Austurlands á fund hópsins.

Hlutverk starfshópsins

Hópnum er falið það hlutverk að kortleggja samþykktir og gjaldskrár á sviði fræðslu- og félagsþjónustu, s.s. reglur um úthlutanir og aðgengi að þjónustu. Hópnum er jafnframt ætlað að gera tillögu að fyrirkomulagi sérfræðiþjónustu í fræðslu- og félagsþjónustu í nýju sveitarfélagi. Í því felst m.a. að ræða hlutverk og verkefni Skólaskrifstofu Austurlands.

Starfsemi á sviði fræðslumála og félagsþjónustu í sameinuðu sveitarfélagi

Í sameinuðu sveitarfélagi starfa 6 grunnskólar, 6 leikskólar, þar af 3 sem deildir í samreknum skólum, 3 sjálfstæðir tónlistarskólar á Fljótsdalshéraði og listadeild við Seyðisfjarðarskóla sem m.a. sinnir tónlistarkennslu. Allir skólarnir starfa samkvæmt aðalnámskrám viðkomandi skólastigs og eru allvel settir hvað varðar fagmenntun starfsfólks. Félagsþjónusta sveitarfélaganna er sameiginleg á grundvelli samstarfssamnings um félagsþjónustu og barnavernd en auk þeirra sveitarfélaga sem mynda sameinað sveitarfélag standa Fljótsdalshreppur og

Vopnafjarðarhreppur að samningnum. Nýtt verklag skv. Austurlandslíkani (ALL) hefur aukið samstarf milli skóla og félagsþjónustu og leitt til aukinnar árvekni varðandi hag barna og stuðlað að snemmtækri íhlutun. Hagrænn ávinningur fyrirbyggjandi aðgerða skilar sér ekki alltaf í þeim rekstrareiningum sem beita verklaginu í bráð, en bætir samfélagið í heild þegar fram í sækir. Félagsmálaráðuneytið hefur ráðið hagfræðing til að reikna út hagrænan ávinning snemmtækra aðgerða sem mun vonandi undirbyggja og styrkja nýtt sveitarfélag í áframhaldandi vinnu skv. ALL.

Helstu niðurstöður

- Á fyrsta fundi fjölskylduráðs sameinaðs sveitarfélags verði skipaður starfshópur til að vinna tillögu að fjölskyldustefnu nýs sveitarfélags. Djúpivogur, Fljótisdalshérað og Seyðisfjörður eiga samþykktar skóla- eða menntastefnur sem horft verði til eftir því sem við á. Lögð verði áhersla á samþættingu félagsþjónustu, skólaþjónustu og tólmundastarfsemi og áframhaldandi þróun markvissra og gagnreyndra starfsaðferða, m.a. í Austurlandslíkaninu. Áhersla verði á að stefnur og sérkenni skólstarfs á hverjum stað fái notið sín.
- Fulltrúar sveitarfélagsins fundi eins fljótt og því verður við komið með fulltrúum Fjarðabyggðar og forstöðumanni Skólaskrifstofu Austurlands til að ákveða með hvaða hætti ábyrgð og framkvæmd skólaþjónustunnar verði flutt frá Skólaskrifstofunni til fjölskyldusviða sveitarfélaganna¹ ásamt því hvernig þjónustu við fólk með fötlun verður hagað á núverandi þjónustusvæði.
- Sveitarfélögunum Vopnafirði og Fljótisdalshreppi verði boðið að nýtt sveitarfélag sinni félagsþjónustu, barnavernd og skólaþjónustu fyrir þau sveitarfélög sem leiðandi sveitarfélag.
- Þegar skipað hefur verið í öldungaráð í nýju sveitarfélagi hafi fjölskyldusvið í samstarfi við ráðið forgöngu að því að kanna þörf á stuðningi við aldraða í þeim fjórum byggðarkjörnum sem tilheyra sveitarfélaginu sem og í dreifbýli. Niðurstöður verði notaðar til að vinna þjónustuáætlun.
- Lögð verði markviss rækt við eflingu mannauðs á fjölskyldusviði og leitað leiða til að laða að vel menntað fagfólk í flest störf. Sérstaklega verði hugað að því að auka hlutfall leikskólakennara í leikskólum sveitarfélagsins. Starfsþróunaráætlanir verði í sífelldri endurskoðun í samræmi við þarfir starfsfólks og stofnana sviðsins.
- Huga þarf að nauðsynlegum endurbótum á húsnæði og aðstöðu skólanna þar sem það á við. Sérstaklega er vakin athygli á bágri aðstöðu í Seyðisfjarðarskóla. Minnt er á að ríkar skyldur eru á sveitarfélögum hvað varðar aðstöðu í leik- og grunnskólum. Jafnframt er vakin athygli á að víða er aðstaða tónlistarskólanna, sem gegna mikilvægu hlutverki sem mennta- og menningarstofnanir, ófullnægjandi eða takmörkuð.

¹ Nánari forsendur þessarar niðurstöðu má finna í fylgiskjali með minnisblaðinu.

- Greiðar samgöngur milli þéttbýlisstaða sameinaðs sveitarfélags eru lykilatriði fyrir aðgengi að ýmiss konar samstarfi stofnana og aðila í samfélaginu. Mikilvægt er að horfa til tækifæra t.d. fyrir aukið samstarf grunnskóla um námsframboð, svo sem í valgreinum og samstarf um námsframboð tónlistarskóla við skipulag á almenningssamgöngum milli þéttbýliskjarna.
- Tryggt verði fjármagn til að styðja við áætlun grunnskóla á Fljótsdalshéraði um breytta kennsluhætti með stuðningi upplýsingatækni og öðrum skólum gefinn kostur á að tengjast áætluninni. Áhersla verði á tæknilega innviði á hverjum stað, aðgengi skóla að tæknaðstoð og kennsluráðgjöf á sviði upplýsingatækni svo áætlunin skili tilsettum árangri.
- Unnið verði að því að innleiða einfaldar leiðir til að nýta upplýsingatækni og stafrænar lausnir sem grundvöll fyrir fjarkennslu þar sem það hentar og getur aukið jafnræði nemenda í grunnskólum - og þegar það á við í tónlistarskólum - í sameinuðu sveitarfélagi. Jafnframt verði skoðaðar leiðir til að nýta rafrænar leiðir til að styðja við ýmsa þjónustupætti sem falla undir félagsþjónustu, svo sem fjarfundi, meðferð einstaklinga og þjónustu við eldri borgara þar sem það getur átt við.
- Stefnt verði að því að frá og með árinu 2021 verði gjaldskrár fyrir sambærilega þjónustu á sviði fræðslumála og félagsþjónustu samræmdar, en fullt tillit verði tekið til mismunandi aðstæðna sem kunna að réttlæta mismunandi gjaldtöku.
- Fræðslustjóri vinni að því með skólastjórnendum viðkomandi skólastiga að fara yfir gildandi reglur á hverju skólastigi fyrir sig og gera tillögur um samræmdar reglur að teknu tilliti til ólíkra aðstæðna þar sem það á við. Tillögurnar verði lagðar fyrir fjölskylduráð fyrir lok árs 2020.

Gjaldskrár

Gjaldskrár fyrir leikskóla, skólamáltíðir, skólafrístund og tónlistarskóla er að finna í fylgiskjali við minnisblaðið. Mismikill munur er á gjaldskránum. Öll þjónusta skólanna á Borgarfirði er gjaldfrjáls og ekki er gerð tillaga um að því verði breytt að svo stöddu. Borgarfjörður er skilgreindur sem ein af brothættum byggðum dreifbýlisins. Skólinn, sem er samrekinn leik- og grunnskóli er afar fámennur og aðstaða nemenda því ólík því sem gerist í öðrum skólum sveitarfélagsins. Mikill munur getur legið að baki þeirri starfsemi sem er á hverjum stað og eðlilegt er að það geti endurspeglast í gjaldskrá. Mikilvægt er þó að hlutlæg rök liggi að baki ákvörðun um mismunandi gjaldskrár. Að öðru leyti er eðlilegt að stefna að því að samræma gjaldskrár þar sem starfsemin getur talist sambærileg.

Gjaldskrár á sviði félagsþjónustu er mismunandi hvað varðar dagdvöl aldraðra, heimsendan mat og leigu á félagslegu húsnæði. Aðrar gjaldskrár stoðþjónustu eru samhæfðar í gegnum sameiginlegar reglur og gjaldskrár félagsþjónustu. Þar má sem dæmi nefna greiðslu til stuðningsforeldra, persónulegs ráðgjafa, liðveitenda, félagslega heimaþjónustu og aðra þjónustu

á vegum barnaverndar. Samræma þarf gjaldskrár og upphæð leigufjárhæðar félagslegs húsnæðis með tilliti til ólíkra aðstæðna á hverjum stað sem getur skapað svigrúm fyrir mismun á gjöldum.

Samþykktir, reglur og samningar

Hér á eftir verður tæpt á helstu atriðum sem þarf að huga sérstaklega að í upphafi varðandi samþykktir, reglur og samninga í nýju sveitarfélagi.

Samningur um félagsþjónustu og barnavernd

Eins og fram hefur komið er talið rétt að gildandi samningi verði sagt upp gagnvart þeim sveitarfélögum sem eftir standa utan sameinaðs sveitarfélags og þeim boðin þjónusta leiðandi sveitarfélags hvað varðar félagsþjónustu og barnavernd og skólaþjónustu þegar sú starfsemi verður orðin hluti af starfsemi fjölskyldusviðs sveitarfélagsins.

Samstarfssamningur við Fljótsdalshrepp um leik-, grunn- og tónlistarskóla

Undanfarin ár hefur verið í gildi samstarfssamningur við Fljótsdalshrepp um aðgengi nemenda úr Fljótsdalshreppi í leik-, grunn- og tónlistarskóla á Fljótsdalshreppi. Samningurinn var gerður til 5 ára og rennur út í lok skólaárs 2019-2020. Fljótsdalshreppur hefur óskað eftir að gerður verði nýr samningur.

Skólaakstur

Skipulagður skólaakstur er á Borgarfirði, Djúpavogi og Fljótsdalshéraði og samningar við skólabílstjóra í gildi á öllum stöðum. Vanda þarf til undirbúnings útboðs á skólaakstri þegar núgildandi samningar renna út, en það á t.d. við sumarið 2021 á Fljótsdalshéraði. Nýlega voru gerðir samningar til þriggja ára á Djúpavogi á grundvelli útboðs.

Gert verði ráð fyrir því að sem fyrst verði samþykktar sameiginlegar reglur um skólaakstur sameinaðs sveitarfélags í samræmi við reglur um skólaakstur í grunnskóla nr. 656/2009.

Reglur um leikskóla

Með sama hætti og lagt er til að endurskoðun gjaldskráa byggji á mati á aðstæðum og forsendum þeirrar starfsemi sem á við á hverjum stað er lagt til að horft verði til ólíkra aðstæðna við samræmingu á reglum um leikskóla. Það er þó talið mikilvægt að meginatriði reglna um leikskóla í leikskólunum í þéttbýlinu á Fljótsdalshéraði, Djúpavogi og Seyðisfirði verði samræmd.

Reglur um innritun í grunnskóla

Lögð er áhersla á að sameinað sveitarfélag setji sem fyrst reglur um innritun í grunnskóla og skilgreiningu á skólahverfum til að framkvæmd og aðgengi sé skýr gagnvart íbúum.

Reglur um daggæslu barna í heimahúsum og niðurgreiðslur á daggæslu í heimahúsum

Ekki eru starfandi dagforeldrar annars staðar í sameinuðu sveitarfélagi en á Fljótsdalshéraði og því ekki ástæða til samræmingar, en mikilvægt að endurskoða reglurnar og aðlaga að aðstæðum í sameinuðu sveitarfélagi.

Félagsstarf aldraðra og dagdvöl aldraðra

Félög eldri borgara eru í hverjum byggðarkjarna fyrir sig og starfsemi þeirra mismunandi. Dagdvöl aldraðra er rekin á Djúpavogi og Fljótsdalshéraði þar sem hún er rekin samhliða tómstundastarfi eldri borgara. Eftir formlega sameiningu sveitarfélaganna verður öldungaráð nýs sveitarfélags í samstarfi við Fjölskyldusvið, eins og fram hefur komið, vettvangur til þess að kanna þörf á stuðningi við aldraða. Nauðsynlegt ert að kortleggja þörf á þjónustu í málaflokknum og marka áætlun út frá niðurstöðum. Seyðfirðingar hafa til að mynda rætt um þörf á dagvistun á staðnum. Á meðan göng undir Fjarðaheiði eru ekki orðin veruleiki eru takmarkaðir möguleikar á samþættingu starfsemi milli byggðarlaganna. Þróa þarf fjarþjónustu við aldraða og þá sem viðbótar þjónustu, sérstaklega þar sem vegalengdir eða veður hamlar beinni þjónustu. Slíkt gefur færi á betri eftirfylgni og tíðari samskiptum en mögulegt væri með beinni þjónustu.

Málaflokkur fatlaðra

Megin þungi þjónustu á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir á þjónustusvæðinu er á Egilsstöðum. Ekki er lengur skilyrt í lögum að á bakvið hvert þjónustusvæði standi 8000 íbúar. Samhliða viðræðum um A-deild SkA er nauðsynlegt að taka upp viðræður við nágrennasveitarfélög um framtíðar skipun B-deilar SkA er varðar þjónustu við fatlaða í fjórðungnum.